

Fundargerð.

Fundur í umhverfisnefnd haldinn í fundarsal Þórshafnarhrepps miðvikud. 14.08.02 kl. 12:00

Mætt: Steinn Karlsson, Hulda Gestsdóttir, Henry Ásgrímsson og sveitarstjóri Björn Ingimarsson.

1. Mál. Fegurri sveitir.

Björn kynnti heimsókn Ragnhildar sem kom mánud. 5. ágúst. Björn sendi eigendum eyðibýla erindi um tiltektir og umgengni á býlum. Einnig fengu eigendur lögbýla sama erindi. Vonast er til að greinagerð frá Ragnhildi um heimsóknir á bæi og til fyrirtækja á Þórshöfn, liggi fyrir á næsta fundi.

2. Mál. Eyrarvegur 8.

Umhverfisnefnd telur ekki að fyrir liggi forsendur er rökstyðji breytingar á aðalskipulagi varðandi húsnæði á Eyrarvegi 8 Þórshöfn. Nefndin mun því ekki gera tillögu til hreppsnefndar um breytingu á aðalskipulagi vegna umrædds húsnæðis. Umhverfisnefnd fer fram á við sveitarstjóra, að hann svari fyrirspyrjendum (Sumarrósu Jóhannsdóttur og Þorleifi Hannessyni) þeim fyrirspurnum sem þau beindu til formanns umhverfisnefndar. Umhverfisnefnd beinir því til hreppsnefndar að hafist verði handa við að fjarlægja óbúðarhæf húsnæði og heilsuspillandi á Þórshöfn.

3. Mál. Greinakurlarar.

Afkastamikill kurlari kostar frá 4 - 7 millj. Auglýstur var notaður á 2.5 millj. Henry falið að kanna nánar verð og gæði á minni kurlurum.

4. Mál. Rafhlöðukassar.

Aðilar hjá Esso eru að skoða hvort þeir væru til í að leggja til kassa í fyrirtæki og á heimilin undir ónýtar rafhlöður. Umhverfisnefnd fer fram á það við hreppsnefnd, að fá heimild til að láta hana og framleiða sambærilega pakkningu ef neikvæð svörun berst frá Esso.

5. Mál. Önnur mál.

1. Björn Ingimarsson með umræðu um hesthúsabyggð, umhverfi og umgengni. Ákveðið að vinna tillögur að reglum um umgengni og aðra þætti er snerta búskap í þéttbýli. Stefnt að fundi fljótlega til að vinna að tillögum að reglugerð.

2. Innsiglingavörður v/Fossá. Umhverfisnefnd skorar á hreppsnefnd að láta laga og varðveita þessar fornu minjar, sem voru ytri leiðarmerki fyrir innsiglingu í höfn á Þórshöfn.

3. Vegamót. Umhverfisnefnd fer fram á við sveitarstjóra að vinna að því við viðkomandi yfirvöld og aðstandendur að hægt verði að fjarlægja húsin að Vegamótum. Mikil umhverfislýti og hætta fyrir menn og skepnur eru að skapast vegna lélegra húsa og mannvirkja á staðnum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.

Henry Ásgrímsson, ritari.